

Almennar reglur um birtingu gagna með fundargerðum á vef Vestmannaeyjabæjar

1. gr.

Tilgangur og markmið

Stefna Vestmannaeyjabæjar er að stjórnsýsla bæjarins sé opin og að bæjarbúar geti með einföldum hætti fylgst með störfum bæjarstjórnar og nefnda.

Reglum þessum er ætlað að auka aðgang íbúa Vestmannaeyjabæjar að gögnum sveitarfélagsins, fyrirtækja þess og samtaka sem það á aðild að, sem lögð eru fram í ráðum og nefndum á vegum sveitarfélagsins eftir því sem lög og reglugerðir heimila sem og í samræmi við stefnur Vestmannaeyjabæjar.

Tilgangur reglnanna er að tryggja að birting gagna sé byggð á málefnalegum forsendum í samræmi við stjórnsýslulög nr. 37/1993, upplýsingalög nr. 140/2012 og persónuverndarlög nr. 90/2018.

2. gr.

Gildissvið

Reglur þessar skulu gilda þegar tekin er ákvörðun um hvort birta skuli gögn sem lögð eru fyrir ráð og nefndir Vestmannaeyjabæjar á vef sveitarfélagsins.

3. gr.

Meginreglan um birtingu gagna

Við birtingu á fundargerðum á vef Vestmannaeyjabæjar, www.Vestmannaeyjar.is, skulu jafnframt birt öll gögn sem varða viðkomandi mál og fylgdu fundarboði eða lögð voru fram á viðkomandi fundi, nema undantekningarreglur 4. og 5. gr. þessara reglna eða lög hindri slíka birtingu.

Sé um að ræða gagn sem fellur ekki undir upplýsingarétt almennings, sbr. 4. og 5. gr. reglna þessara eða að ákvæði laga hindri það, er samt sem áður heimilt að birta þau á heimasíðu sveitarfélagsins ef skriflegt samþykki viðkomandi málsaðila liggur fyrir.

4. gr.

Gögn sem óheimilt er að birta

Eftirfarandi gögn er óheimilt að birta:

- i) Gögn um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga, fyrirtækja og lögaðila sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.
- ii) Gögn er tengjast dómsmáli eða athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað.
- iii) Vinnuskjöl og innri minnisblöð til eigin nota, t.d. drög sem ekki eru afgreidd á fundum.
- iv) Samninga við aðra en lögaðila, opinbera aðila, félagasamtök og styrktaraðila. Þó skal meginefni samninga samkvæmt þessum lið koma fram í texta fundargerðar.
- v) Gögn sem tengjast málefnum einstakra starfsmanna.
- vi) Gögn sem teljast trúnaðarmál og varða einkamálefni eða fjárhagsmálefni einstaklinga, fyrirtækja eða annarra lögaðila.
- vii) Gögn sem þagnarskylda skal gilda um.

Ef réttmætur vafi er á því hvort lög heimili birtingu gagna skulu gögn að jafnaði ekki birt.

Heimilt er að veita ríkari aðgang að gögnum en mælt er fyrir um í 1. mgr. en ávallt skal þess gætt að birta ekki gögn sem falla undir lagareglur um þagnarskyldu og persónuvernd.

5. gr.

Gögn sem er ekki skylt að birta

Ekki er skylt að birta eftirfarandi gögn ef sérstakar ástæður mæla gegn slíkri birtingu:

- i) Gögn sem málsaðili leggur fram rökstudda beiðni um að verði ekki birt.
- ii) Gögn sem varðar tillögur eða viðræður við ríkið um fjárhagsmálefni sveitarfélaga.
- iii) Gögn er varða fjárhags- eða viðskipahagsmuni sveitarfélagsins.
- iv) Önnur gögn sem falla undir undanþáguákvæði upplýsingalaga.

6. gr.

Ákvörðun um birtingu gagna

Formaður viðkomandi nefndar eða ráðs tekur ákvörðun um birtingu gagna strax eftir lok fundar í samráði við viðkomandi sviðsstjóra og/eða starfsmann fagráðs eða nefndar.

Forseti bæjarstjórnar, í samráði við bæjarstjóra og framkvæmdastjóra stjórnarsýslu- og fjármálasviðs, tekur ákvörðun um birtingu gagna strax eftir lok fundar bæjarstjórnar.

Fundarritari yfirfer birtingu gagna eftir lokun fundargerða, og hvort að gögn hafi verið birt í samræmi við reglur þessar.

Ef álitamál er um birtingu gagna skulu forseti bæjarstjórnar eða formaður hlutaðeigandi ráðsskera úr um hvort viðkomandi gögn séu undanþegin upplýsingarétti samkvæmt lögum.

Í þeim tilvikum sem óskað er eftir gögnum er varða tiltekið mál sem ekki hafa verið lögð fram á fundi eða fylgt fundarboði skal beiðni um slíkt berast bæjarskrifstofum, postur@vestmannaeyjar.is

7. gr.

Persónuvernd

Ef gögn, sem birta á með fundargerðum samkvæmt reglum þessum, hafa að geyma persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, telst slík birting til vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir gildissvið laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Ef birt eru gögn sem innihalda persónuupplýsingar skal meðferð þeirra ávallt vera í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga og þær grunnkröfur sem kveðið er á um í lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Fari svo að persónuupplýsingar sem leynt skulu fara samkvæmt ákvæðum persónuverndarlaga, verði birtar fyrir mistök í fundargerð eða í gögnum með fundargerð á vef sveitarfélagsins, skal leitast við að grípa strax til viðeiganda ráðstafana til að vernda þær persónuupplýsingar sem um ræðir. Skal taka viðkomandi gagn úr birtingu við fyrsta tækifæri og viðkomandi gagn ekki birt aftur nema lög heimili og þá þannig að búið sé að afmá persónuupplýsingar sem leynt skulu fara.

7. gr.

Upplýsingaréttur almennings

Að öðru leyti en hér er kveðið á um fer um upplýsingarétt almennings eftir ákvæðum upplýsingalaga nr. 140/2012, stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, og eftir atvikum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

8. gr.

Gildistaka

Reglurnar munu taka gildi frá og með 1. júlí 2021.